

Grímsvötn - staða 4. nóvember 2010 kl. 17:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Þórunni Skaftadóttur, Eyjólf Magnússyni, Snorra Zóphóníassyni, Steinunni S. Jakobsdóttur, Gunnari B. Guðmundssyni, og Matthew J. Roberts

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnamælingum, GPS mælum og könnunarflugi Landhelgisgæslunnar í gær.

Bræðsluvatn: Rennsli var mælt í Gígjukvísl í gær kl 9:30 og aftur kl 15. Rennsli í báðum mælingunum var um 2600 m³/s. Talið er að hámarksrennslið hafi verið milli kl 13 og 14 í gær, rúmlega 2600 m³/s. Rennslið var mælt kl 10:30 í morgun og var þá komið niður í 1005 m³/s. Rennslið var mælt nú síðdegis en tölur liggja ekki fyrir. Áin Súla var mjög vatnsmikil og talið líklegt að þangað hefði runnið hlaupvatn. Rafleiðni í Gígjukvísl er enn yfir 500 µS/cm.

Órói: Óróinn á Grímsfjalli fer nú hratt minnkandi.

Jarðskjálftar: Frá klukkan 23:34 í gærkvöldi til 09:33 mældust fjórir jarðskjálftar undir Grímsvötnum, allir á stærðarbilinu 0,7 til 1,2.

GPS-aflögun: Engin breyting. Sjá minnisblað frá 1. nóvember 2010.

Breytingar í Grímsvötnum:

Þær breytingar sem sást í Grímsvötnum í gær voru eingöngu tengdar jökulhlaupinu. Sprungur hafa myndast í jökulísinn við það lækkar í vötnunum bæði í jaðri hellunnar sem var á floti fyrir hlaup sem og upp við Grímsfjall austanvert. Upp við Grímsfjall norður af Eystri-Svíahnjúki eru skurðir milli fjalls og jökuls, sem fyrir hlaup voru fullir af vatni. Sá stærsti þeirra hefur nú líklega tæmst ef frá er talið vatn sem rennur í gegnum hann en í öðrum hefur lækkað verulega. Í hlaupfarveginum litlu austar við þessa skurði má sjá gat í ísnum sem hefur myndast þegar þak vatnsrásarinnar hrundi.

Heildarmat: Minnkandi órói á skjálftamælinum á Grímsfjalli. Hámarksrennsli í Gígjukvísl var í gær milli kl. 13 og 14. Rafleiðni þar mælist enn yfir 500 µS/cm. Engin merki um gosóróa sjást á mælum og engin merki um eldgos. Vel er fylgst með framvindunni.